



## **Reglur um tómstundaframlag fyrir börn og ungmenni á Fljótshéraði**

Fljótshérað leitast við að styðja við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 4 -16 ára, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, með tómstundaframlagi að upphæð 15.000 krónur á árinu 2018.

Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni til taka þátt í skipulögðu og heilbrigðu íþrótt- og tómstundastarfi við sitt hæfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Til skipulagðs íþrótt- og tómstundastarfs telst það starf sem nær yfir samtals 10 vikur að lágmarki og er undir leiðsögn hæfra þjálfara/starfsfólks/kennara, á vegum viðurkenndra félaga, fyrirtækja, skóla eða annarra stofnana sem reka slíka starfsemi í sveitarfélaginu. Undir það falla t.d. íþróttir, listir, tónlistarnám og námskeið eða starf á vegum annarra tómstundafélaga.

Tómstundaframlagið gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar. Þá gildir framlagið ekki sem greiðsla fyrir kostnaði vegna íþróttá eigin vegum, svo sem í tækjasal eða sundlaug, þar sem ekki er um skipulagt starf að ræða.

Ekki er greitt hærra framlag en sem nemur útlögðum kostnaði samkvæmt greiðslukvittun og að hámarki 15.000 krónur á ári. Framlag er ekki hægt að færa á milli ára. Framlagið fellur niður um áramót sé ekki um það sótt á því ári sem barn eða ungmenni stundar íþróttir eða annað tómstundastarf.

Til að sækja um tómstundaframlag skal forsjáraðili fylla út umsókn sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins og hengja við kvittun fyrir greiðslu, eða koma með kvittun á skrifstofu sveitarfélagsins, en án kvittunar er tómstundaframlagið ekki greitt út.

Greiðslur tómstundaframlagsins fara fram þrisvar sinnum á ári, í júní, september og í desember í samræmi við framlagðar kvittanir. Greiðsla fer fram um miðjan mánuð. Þau sem sækja um og skila kvittun fyrir lok maí fá tómstundaframlag greitt í júní, fyrir lok ágúst fá greitt í september og fyrir 10. desember fá greitt í desember.

Ágreiningi vegna afgreiðslu tómstundaframlags má skjóta til íþrótt- og tómstundanefndar sem sker úr um þau. Tómstundaframlag til barna og unglunga er í umsjón verkefnastýru íþrótt-, tómstunda- og forvarnamála sem veitir nánari upplýsingar á [tomstundir@egilsstadir.is](mailto:tomstundir@egilsstadir.is)

Tómstundaframlag skal endurskoðað árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshéraðs, 17. janúar 2018.